



Hvað er áhættustjórnun og um hvað snýst hún?

Um hvað snýst áhættustjórnunarrámmi PwC og hvað felst í honum?

Hvaða hag hafa fyrirtæki af því að koma á áhættustjórnun á öllum stigum rekstrarins?

## Fyrirtækjaráðgjöf

# Áhættustjórnun og innra eftirlit

Áhættustjórnun er mikilvæg í hvers kyns rekstri, sérstaklega þegar tekið er tillit til áhrifa alþjóðavæðingarinnar, breytts lagaumhverfis og aukinnar ábyrgðar stjórnarmanna.

PwC skiptir áhættustjórnun í þrjú stig; áhættumat, áætlun um áhættustjórnun og upplýsingagjöf. Samspil þessara þriggja þátta getur auðveldað fyrirtækjum að bregðast við hvers konar áskorunum og ógnun við starfsemi þeirra eða rekstur.

## Þrjú stig áhættustjórnar

### Áhættumat

Við þróun stefnu og setningu markmiða fyrirtækis er mikilvægt að stjórn og framkvæmdastjórn þekki vel helstu rekstraráhættuþætti og greini þær ógnir og þau tækifæri sem í þeim felast.

### Áætlun um áhættustjórnun

Framkvæmdastjórn ber að skipuleggja áhættustjórnun á grunni áhættumats í samráði við stjórn og tryggja að stjórnin fái reglulega upplýsingar um þróun mála á mikilvægustu áhættusviðum.

### Upplýsingagjöf

Mikilvægt er að upplýsa um áhættustjórnun í ársuppgjöri. Slík upplýsingagjöf eykur trúverðugleika félagsins hjá hluthöfum, lánadrottnum og öðrum hagsmunaaðilum.



# Okkar reynsla

## Innleiðing áhættustjórnunarramma

Ramminn um áhættustjórnun setur tengsl við hagaðila, stefnumörkun og stjórnskipulag inn í fagleg viðfangsefni stjórnenda. Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- Að skerpa hlutverk æðstu stjórnenda við að bregðast rétt við áhættu, efla samstöðu stjórnenda og hæfni þeirra til að meta áhrif ógnana og nýta tækifæri.
- Að stjórnendur setji áhættu í samhengi við forgangsröðun viðskiptaákvæðana, þekki markmið sín og noti upplýsingar um áhættu við viðskiptaákvæðanir.
- Að áhættumat og áhættustjórnun sé notuð í viðskiptaferlum og að stuðst sé við áhættumat í öllum helstu verkefnum og ákvörðunum.

## Áhættustjórnun ætti að ná yfir þessi atriði

- Hvers kyns breytingar, fyrirsjáanlegar eða óvæntar
- Fjárfestingar eða fjármögnun
- Pólítískt viðkvæm verkefni eða gæluverkefni
- Utanaðkomandi ógnir sem erfitt getur verið að sjá fyrir eða stjórna
- Þekkingu og hæfni til að bregðast við
- Innleiðingu tölvukerfa og útvistun verkefna
- Ólögmæt samráð stjórnenda
- Hvers kyns áhrif á orðspor fyrirtækis

## Áhættustjórnun á öllum stigum rekstursins

- Setja markmið í samhengi við rekstrarskilyrði
- Þekkja mikilvægustu áhættuþætti sem geta haft áhrif á viðskiptaleg markmið
- Meta líkur og áhrif hvers tilfellis
- Þróa viðskiptaleg viðbrögð við áhættu og efla innra eftirlit
- Greina frá áhættum og innleiða eftirfylgni

## Kostir áhættustjórnunarramma PwC

- Örugg vitneskja stjórnar og framkvæmdastjórnar um að brugðist sé við áhættu
- Framkvæmdastjórn betur búin að taka áhættu, þ.m.t. vegna nýrra fjárfestingarkosta
- Aðferð við að stjórna breytingum með sameiginlegu átaki stjórnenda
- Gerir stjórnendum kleift að ná viðskiptamarkmiðum sínum og öðlast fleiri tækifæri
- Bætir samband við hagaðila með auknum og betri samskiptum, sem og raunhæfari kröfum til framkvæmdastjórnar
- Fylgni við lög og reglugerðir

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að afhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2006 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstöðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

## Tengiliðir

### Haldór Þorkelsson

Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

+ 354 550 5229

[halldor.thorkelsson@is.pwc.com](mailto:halldor.thorkelsson@is.pwc.com)

### Jón Óskar Hallgrímsson

Ráðgjafi / hagfræðingur

+ 354 550 5253

[jon.hallgrimsson@is.pwc.com](mailto:jon.hallgrimsson@is.pwc.com)